

## Útskriftaræða

Elsku nemendur, kennarar, starfsmenn og aðrir góðir gestir.

Ég heiti Laura og ég vil fá á byrja á því að óska okkur öllum til hamingju með áfangann! og takk fyrir komuna þið hin.

Undanfarin tvö og hálf ár hafa verið skemmtileg, fræðandi, krefjandi og eftirminnarleg. Ég hef eignast helling af vinum, bæði í gegnum nemendafélagið í skólanum, sem ég er búin að starfa með síðan ég byrjaði í FSN. og starfsfólk skólans sem er alltaf opið fyrir heimskulegum spurningum.

Ég er því mjög ánægð fyrir að hafa valið FSN. Það að geta stundað nám í ágætum skóla, með yndislegum kennurum og geta búið heima hjá mömmu og pabba eru forréttindi. Skólagangan hefur liðið mjög hratt, enda flýtti ég aðeins fyrir mér en það er annað mál.

Nemendafélagið er búið að vera mjög stór partur að skólagöngunni minni. Á fyrsta árinu mínu bauð ég mig fram sem nýnemi í skemmtinefnd. En sú nefnd sér um að skipuleggja alla viðburði, bæði á skólatíma og utanskóla. Aðallega eru það böllin sem hún sér um að skipuleggja en án þeirra yrði skólagangan ekki jafn eftirminnarleg. Það að tjútta á dansgólfinu í samkomuhúsinu með samnemendum og tvem/þrem kennurum. Geggjað!!! Síðasta 1,5 árið er ég búin að vera að starfa sem gjaldkeri og var því búin að vera að sjá um öllum peningamálin og reikningana sem tengdust nemendafélaginu. Allt það var auðvitað í samráðum við Lilju og Rúnu en komum betur að því á eftir.

Kennarar... ég dáist af því hversu þolinmóð flest ykkar eru. Þið hafið alltaf haft mikla trú á okkur og því var alltaf hægt að leita til ykkar þegar einhvað kom uppá. Þið eruð alltaf til í spjall og að hjálpa við öll verkefni, sama hvort það voruð þið sem löguð þau fyrir eða einhver annar kennari.

Anna og Begga, þær hafa ekki bara verið að fæða okkur með góðum mat heldur hafa þær kennt okkur góða siði, verið skilingsríkar, peppandi, gert mikið grín af því sem við segjum og gefið okkur life hacks eða á íslensku væru það góðar ábendingar sem munu nýtast okkur í framtíðinni.

Rúna og Lilja hafa kennt mér að verða skipulagðari, þar að segja þegar það kemur að því að halda utanum reikninga og nótur. Ég vil því þakka ykkur

sérstaklega fyrir gott samstarf þegar það kom að gjaldkera málunum. Þið kennduð mér margt nýtt sem mun 100% nýtast mér í framtíðinni.

Óli húsvörður, hann kemur alltaf til bjargar og til í að græja allt sem okkur vantar. Hann sér einnig um að allt sé hreint og fínt í kringum okkur. T.d. þá vitum við öll að það megi ekki drekka nocco í tímum! Notkun tóbaks er líka stranglega bönnuð á skólasvæðinu.

Þegar okkur barst SMS frá Óla á morgnanna, um að skólarúturnar fari ekki... bestu morgnarnir.

Hrafnhildur, Sólrún, Birta og Agnes sem bættist við hérna í lok skólagöngunnar. Þær hafa hjálpað okkur við að velja áfanga, hrósað okkur og sparkað í rassinn á okkur þegar þess þurfti.

María og Agnes eiga heiðurinn á að ljúka skólagöngunni okkar af, með því að hjálpa okkur við að vinna lokaverkefnið okkar til stúdentsprófs.

Kristín Rós, Kristín Lilja, Haddi, Loftur, Erna og María... Ég vil þakka ykkur sérstaklega fyrir að hafa höndlað öll leiðindin og vælið sem kom frá mér og öðrum samnemendum mínum. Þúsund þakkir.

En nú er komið að þessu, dagurinn sem við höfum öll beðið spennt eftir, við erum að kveðja FSN og taka því nú nýjir og spennandi tímar við okkur.

Ég vil enda á því að þakka öllu starfsfólki skólans kærlega fyrir seinustu ár.

Takk fyrir og aftur til hamingju öll sömul.